

Innra mat
Skýrsla um samtöl skólastjóra við nemendahópa
Myndlistaskólinn í Reykjavík
Haustönn 2023

Í nóvember og desember 2023 hélt skólastjóri fundi með nemendum þar sem þeim gafst kostur á að ræða hvaðeina varðandi skólann og skólastarfið sem þeim lá á hjarta.

Almennt eru nemendur mjög ánægðir með skólann og námið en ýmsar athugasemdir voru þó gerðar.

Hóparnir fengu svohljóðandi póst með nokkurra daga fyrirvara:

Kæru nemendur á ...braut

Eitt af því sem við gerum hér í skólanum til að tryggja að ykkur líði sem best og að árangur af námi ykkar verði sem mestur er að ég sest niður með nemendum til að spjalla um hvaðeina sem ykkur liggur á hjarta. Ég ætla að setjast inn hjá ykkur ...braut kl.daginn...

Ég ætla mér u.þ.b. hálf tíma með hverjum hóp. Ég geri ráð fyrir að þið mætið öll sem eitt og endilega komið undirbúin til fundarins. Við reynum eftir fremsta megni að bregðast við hugmyndum nemenda að umbótum.

Helstu atriði sem nemendur nefndu:

Vantar spegil á klósett.

Vantar stundum sápu á salerni, sem og tíðavörur og það mætti tæma ruslið oftar.

Óánægja með ákveðinn áfanga. Hann verður tekinn til gagngerrar endurskoðunar.

Rætt um möguleika á frekara námi, starfsnám og mögulega aðild að SÍM. (Til stendur að taka málið fyrir á næsta aðalfundi SÍM.

Vantar samræmi milli kennara þegar kemur að skilaboðum til nemenda. Nota ekki allir innu og nota hana á mismunandi hátt. Erfitt að hafa yfirsýn yfir verkefni og skil. Getur hæglega farið fram hjá þeim. Miklar kröfur um verkefnaskil

Klukkan vantar í stofur.

Þrifaplan vantar í sumar stofur. Stundum líka tuskur.

Vantar lítinn dall fyrir óflokkanlegt sorp, t.d. bara tyggjó. Mætti vera minnsta gerð.

Bílastæðið, lenda í allskonar ógöngum á óstrikuðu planinu á bakvið hús. (Það er í ferli hjá húsfélaginu.)

Væri gott að hafa skápa til að læsa verðmæti inni.

Pumpa á hurð sem dugir ekki, margir sem ganga um og erfitt að passa upp á að hurðin smelli í lásinn.

Þarf að skipta um númerakóða. Óviðkomandi sem sækja inn í húsið.

Vantar kósý rými. Fóru í LHÍ og öfunda nemendur þar af öllum sófunum.

Verkstæðisdagar hefðu mátt vera í heila viku og ættu að vera bæði á haust og vorönn.

Einn nemandi vill fá fleiri sjálfstæð verkefni fyrir áramót vegna möppugerðar. Flestir voru þó sammála um að fyrirkomulagði væri gott einsog það er, þ.e. að leggja grunninn á haustönn og vinna sjálfstætt á vorönn.

Nemendur í myndlistarnámi hafa áhyggjur af því hvað þau geta gert í framhaldi.

Finnst gott hvað kennarar eru góðir að hjálpa nemendum og hrósa þeim.

Lítið eftir af hnífapörum og leirtau í eldhúsi nemenda.

Hjólerekkar og rusladallar – vantar bara litla dalla fyrir óflokkanlegt

Vilja gjarnan fá afsláttarkort í listasöfn.

Óska eftir meiri módelteikningu.

Opnunartími skólans.

Vilja fá póst um hvað á að nota í áfanga áður en hann hefst. Þurfa óþarflega oft að fara niður á skrifstofu að kaupa eitthvað sem þau eiga nóg af heima.

Rætt um líkamsrækt. Stuttur tími til að koma sér á staðinn, of langt að fara í tíma. Óska eftir að við skoðum hvort þau geta skilað staðfestingum frá líkamsræktarstöðvum, STRAVA var líka eitthvert app sem var mikið notað í covid. Það mælir hreyfingu og það er hægt að taka saman upplýsingar og senda áfram. Jafnvel hægt að fara í göngutúra.

Hrós til skólans og kennaranna

Verkstæðisdagar, þau komu að öllu í óreiðu. Kennari sem var með verkstæði í einni stofu hefði átt að ganga frá en verkin voru skilin eftir og skítugir penslar. Þurftu alveg klukkutíma í vinnu til að geta byrjað aftur.

Umgengni. Nemendaráð þyrfti eiginlega að taka á umgengni, ísskápur í matsal er á þeirra herðum. Þarf að þrifa hann fyrir jólafrí (Júrí og Marína ætla að gera það) og senda út póst á alla með fyrirvara.

Rætt um að halda kannski jólamarkað. Þau skoða það.

Skýrsla skólastjóra var tekin til umfjöllunar á starfsmannafundi og verkefnum var í framhaldi deilt út meðal starfsmanna. Flest atriði var hægt að leysa með lítilli fyrirhöfn en sumt er flóknara, t.d. bílastæðamálin. Að vanda er sumt af því sem nemendur nefna viðfangsefni sem þau þurfa sjálf að eiga þátt í að leysa, ekki síst það sem varðar umgengni um húsið.